FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2651 2026/EES/55/20

frá 16. október 2025

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 að því er varðar tilteknar viðmiðanir við að koma á fót skránni yfir áhættusöm þriðju lönd og áhættusamar vörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum ii. lið b-liðar 7. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ([2]) er mælt fyrir um ákvæði sem varða eftirlit með rekstraraðilum í þriðju löndum sem eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar, sem eru viðurkennd skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, inna af hendi og komið á reglum um sannprófun á sendingum sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast.

2) Samkvæmt 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 skulu áhættusamar vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum skráðar í framkvæmdargerð, sem er samþykkt í samræmi við 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, á grundvelli vals sem fer fram eftir meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðslu þeirra.

3) Sem stendur má því einungis koma skránni yfir áhættusamar vörur á fót á grundvelli tilvika þar sem staðfest er að ekki var farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

4) Í 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er kveðið á um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að tryggja beitingu ráðstafana sem á að grípa til í tengslum við bæði tilvik þar sem staðfest er og þar sem grunur leikur á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.

5) Færa ætti tiltekna lífrænt ræktaða vöru eða vöru í aðlögun og þriðja upprunaland hennar í skrána yfir áhættusamar vörur ef meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki var farið að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/848 hafa tengst þessari vöru og eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili hefur staðfest að þessi tilvik eru tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi vörunnar. Í 3. mgr. 22 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir flokkun tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum sem meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

6) Mörg tilvik þar sem grunur leikur á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun verða aldrei staðfest. Ástæðan er sú að eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn sem innir af hendi rannsókn í viðkomandi þriðja landi eftir tilkynningu frá aðildarríki í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap getur ekki staðfest tilvikin vegna skorts á fullnægjandi upplýsingum um uppruna eða orsök mengunarinnar en grunurinn er engu að síður til staðar.

7) Því er rétt að áhættusamar vörur og þriðju löndin þar sem þær eru upprunnar ættu að vera skráð á grundvelli vals sem fer fram eftir bæði staðfest meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og tilvik þar sem grunur leikur á um slíkt sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðsluna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2651, 23.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1698/oj).

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1698

Í stað 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1698 kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Skrá yfir áhættusöm þriðju lönd og áhættusamar vörur

Áhættusamar vörur og þriðju löndin þar sem þær eru upprunnar skulu skráð ásamt því hlutfalli sendinga af þessum vörum sem skal falla undir sannprófun auðkenna, eftirlit með ástandi og sýnatöku af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 8. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 á grundvelli vals sem fer fram eftir meiri háttar, alvarleg eða endurtekin tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, eða þar sem grunur leikur á um slíkt, sem hafa áhrif á heilindi lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun eða framleiðsluna.

Hlutföllin sem um getur í fyrstu málsgrein geta verið lægri en 100% og mega, fyrir sömu vöruna, vera mismunandi fyrir eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í þriðju löndum.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.